



HRUNAMANNAHREPPUR

8. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 13. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MÁNUDAGINN 20. DESEMBER 2010
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 20. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Dagskrá:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Seinni umræða um fjárhagsáætlun 2011.
2. Gjaldskrá mótuneytis.
3. Skipan í þjónusturáð vegna samnings um yfirfærslu málefna fatlaðra um sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi.
4. Nefndarsvið Alpings. Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
5. Samningur um þjónustu trúnaðarlæknis sveitarfélaga.
6. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna verkefnisins, Bændur græða landið.
7. Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.
8. Vegtollar á Suðurlandsvegi.
9. Næsti fundur hreppsnefndar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps

10. Ferða- og menningarnefnd. 2. fundur frá 30. nóvember s.l.
11. Umhverfisnefnd. 1. fundur frá 8. desember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

12. Félagsþjónusta: 131. og 132. fundur félagsmálanefndar frá 24. nóvember og 1. desember s.l.
13. 30. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. desember s.l. og 56. og 57. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá og 2. og 16. desember s.l. -liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 439. stjórnarfundar 10. desember sl.
- b. SASS: Fundargerð 1. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október sl.
- c. SASS: Fundargerð 2. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. nóvember sl.
- d. SASS: Fundargerð 3. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 10. desember sl.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 130. fundar frá 19. nóvember s.l.
- f. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 30. aukaáðalfundur frá 3. desember s.l.
- g. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 297. stjórnarfundar frá 3. desember s.l.
- h. Héraðsnefnd Árneseinga: 53. fundur frá 5. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- i. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 782. fundar frá 10. desember sl.
- j. Jöfnunarsjóður. Áætluð framlög vegna nýbúafræðslu 2011.
- k. Jöfnunarsjóður. Áætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemanda 2011.
- l. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Umsögn um gjaldskrár.
- m. Ályktun 8. deildar Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla.
- n. Barnaheill: Ályktun
- o. Skipulagsstofnun: Listi yfir skipulags- og byggingarfulltrúa.
- p. BSRB: Verjum velferðina.

- q. Fornleifanefnd ríkisins: Spilda úr landi Högnastaða.
- r. Samband íslenskra Sveitarfélaga. Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, o.fl.
- s. Málefni Skólaskrifstofu Suðurlands.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Seinni umræða um fjárhagsáætlun 2011.

Lagður var fram minnislisti um breytingar á fjárhagsáætlun 2011 milli 1. og 2. umræðu. Oddviti fór yfir þessar breytingar sem snerta bæði tekju- og gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar er nær óbreytt frá 1. umræðu. Þá voru lagðar fram upplýsingar frá endurskoðanda sveitarfélagsins um endurmat á lóðum m.v. álit reiknisskilanefndar. Helstu niðurstöðutölur verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta kr. 16.757.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta kr. 20.504.000.

Veltufé frá rekstri kr. 62.009.000.

Heildareignir A. hluta kr. 805.683.000

Heildareignir A og B. hluta kr. 916.766.000

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 351.931.000

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 608.049.000

Eigið fé A hluta kr. 453.751.000

Eigið fé A og B hluta kr. 308.717.000

Gert er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 27,0 millj. og fjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 26,7 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 12. fundi hreppsnefndar 2. desember s.l., framlagðs minnisblaðs um breytingar á fjárhagsáætlun og upplýsingar frá endurskoðanda vegna endurmats á lóðum. Einnig er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá skóladagheimilis úr 200 kr/klst. í 220 kr/klst. Hreppsnefnd samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og fjárhagsáætlunina samhljóða.

2. Gjaldskrá mótuneytis.

Oddviti fór yfir gjaldskrárbreytingar vegna starfsmanna sem borða í mótuneyti. Hreppsnefnd samþykkir að draga sérstaka gjaldskrárhækkun vegna starfsmanna sem samþykkt var á hreppsnefndarfundi þann 2. desember s.l. til baka og vísa málinu til Fræðslunefndar.

3. Skipan í þjónusturáð vegna samnings um yfirfærslu málefna fatlaðra um sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi.

Hreppsnefnd samþykkir að skipa Nönnu Mjöll Atladóttur, félagsmálastjóra í sameiginlegt þjónusturáð um málefni fatlaðra á Suðurlandi. Hreppsnefnd telur jafnframt að stjórn þjónusturáðsins eigi að gefa út erindisbréf þeirra sem sitja í þjónusturáðinu.

4. Nefndarsvið Alþings. Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um kjarasamning opinberra starfsmanna og lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

5. Samningur um þjónustu trúnaðarlæknis sveitarfélaga.

Oddviti kynnti drög að samningi milli uppsveitarsveitarfélagana og Flóa við Vinnuvernd ehf. um trúnaðarlæknisþjónustu. Hreppsnefnd samþykkir að ganga til samninga við Vinnuvernd og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

6. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna verkefnisins, Bændur græða landið.

Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins fyrir árið 2010 vegna verkefnisins bændur græða landið en 8 þátttakendur eru núna í Hrunamannahrepp. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 40.000.

7. Íbúafjöldi í Hrunamannahreppi.

Oddviti kynnti breytingar á íbúafjölda í hreppnum. Íbúar Hrunamannahrepps eru þann 1. desember s.l. 794 og hefur fjölgað um 6 frá síðasta ári.

8. Vegtollar á Suðurlandsvegi.

Oddviti fór yfir hugmyndir að vegatollum á Suðurlandsvegi til að fjármagna vegaframkvæmdir. Hreppsnefnd mótmælir harðlega hvers konar hugmyndum um gjaldtöku í formi vegatolla á umræddri leið. Suðurlandsvegur er lífæð Suðurlands við höfuðborgarsvæðið og hefur áhrif á allt mannlíf og atvinnulíf á Suðurlandi. Ef þessar hugmyndir ganga eftir myndi það valda öllum íbúum Suðurlands ómældu tjóni.

9. **Næsti fundur hreppsnefndar.**

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 13. janúar 2011, kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps

10. **Ferða- og menningarnefnd. 2. fundur frá 30. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar Ferða og menningarnefndar. Farið var yfir hlutverk nefndarinnar, styrktarmál skoðuð og fjármál, verkefnakynning og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

11. **Umhverfisnefnd. 1. fundur frá 8. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Umhverfisnefndar. Farið var yfir erindisbréf, fjallað um seyrumál og sorpmál. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf fyrir nefndina og fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

12. **Félagspjónusta: 131. og 132. fundur félagsmálanefndar frá 24. nóvember og 1. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 131. og 132. fundar félagsmálanefndar. Lagðar eru fram tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð. Hreppsnefnd samþykkir tillögu að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð og fundargerðina.

13. **30. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. desember s.l. og 56. og 57. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá og 2. og 16. desember s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 30. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. desember 2010 en þar er fjallað um 7 mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 2 þar sem samþykkt var fundargerð 56. og 57. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem 4 mál snertu Hrunamannahrepp, mál nr. 8 sameining lóða í Heiðarbyggð úr landi Ásatúni samþykkt. Mál nr. 9 deiliskipulag vegna frístundabyggðar úr landi Grafar. Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda um mögulegar vegtengingar inn á svæðið í samráði við vegagerðina, mál nr. 10 stærð bygginga í Dalabyggð úr landi Reykjadal var vísað til skipulagsfulltrúa, mál nr. 11, endurskoðuð tillaga um breytingu á deiliskipulag vegna tjaldsvæðis á Flúðum lögð fram og samþykkt, mál nr. 12 tillaga að deiliskipulagi vegna lóðar í Tungufellsdal samþykkt að það fari í auglýsingu og mál nr. 13 sameining lóða í Túnbergi samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 439. stjórnarfundar 10. desember sl. Fundargerð lögð fram.**
- b. **SASS: Fundargerð 1. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október sl. Fundargerð lögð fram.**
- c. **SASS: Fundargerð 2. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. nóvember sl. Fundargerð lögð fram.**
- d. **SASS: Fundargerð 3. fundar stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 10. desember sl. Fundargerð lögð fram.**
- e. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 130. fundar frá 19. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.**
- f. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 30. aukaaðalfundur frá 3. desember s.l. Fundargerð lögð fram.**
- g. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 297. stjórnarfundar frá 3. desember s.l. Fundargerð lögð fram.**
- h. **Héraðsnefnd Árnesinga: 53. fundur frá 5. nóvember s.l. Fundargerð lögð fram.**

Kynningarmál:

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 782. fundar frá 10. desember sl. Lagt fram til kynningar.
- b. Jöfnunarsjóður. Áætluð framlög vegna nýbúafræðslu 2011. Lagt fram til kynningar.
- i. Jöfnunarsjóður. Áætluð framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemanda 2011. Lagt fram til kynningar.
- j. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Umsögn um gjaldskrár. Lagt fram til kynningar.
- k. Ályktun 8. deildar Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla. Lagt fram til kynningar.
- l. Barnaheill:Ályktun Lagt fram til kynningar.
- m. Skipulagsstofnun: Listi yfir skipulags- og byggingafulltrúa. Lagt fram til kynningar.
- n. BSRB: Verjum velferðina. Lagt fram til kynningar.
- o. Fornleifanefnd ríkisins: Spilda úr landi Högnastaða. Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra Sveitarfélaga. Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, o.fl.
Hreppsnefnd tekur undir umsögn stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum þar sem mótmælt er breytingum á endurgreiðslum virðisaukaskatts á rafmagni til húshitunar á köldum svæðum.
- q. Málefni Skólaskrifstofu Suðurlands. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.20